FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Íslenskugrunnur 1
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	lestur, málfræði, ritun, stafsetning, tjáning
Skammstöfun:	ÍSLE1LT05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Farið er í undirstöðuatriði íslenskrar málfræði, stafsetningar, ritunar og lesturs til þess að undirbúa nemendur undir frekara nám í framhaldsskóla. Einnig eru nemendur þjálfaðir í framkomu og tjáningu. Þetta er fyrri áfangi af tveimur í undirbúningsnámi.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • íslensku máli • helstu málfræðihugtökum • mismunandi málsniði og ritreglum sem þeim fylgja • orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli • stafsetningu og greinamerkjasetningu • mismunandi lestraraðferðum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa til að þjálfa lesskilning sinn og bæta leshraða • nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni • nota orðabækur og önnur hjálpargögn við námið • draga saman aðalatriði í ritmáli • taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • rita texta sem nýtist í áframhaldandi námi í íslensku • rita texta óhindrað með málfræðilega réttu orðalagi • auka læsi • auka öryggi sitt í stafsetningu og greinamerkjasetningu
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.